



17. fundur stjórnar LH 2024-2026

4. maí 2025 kl. 17:00

Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Ólafur Þórisson, Sóley Margeirsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Sigurbjörn Eiríksson, Ragnhildur Gísladóttir, Hilmar Guðmannsson, Reynir Atli Jónsson.

Forföll boðar: Jón Þorberg Steindórsson

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

2. Bráðabirgðauppgjör frá Allra Sterkustu

Gjaldkeri fór yfir bráðabirgðauppgjör Allra sterkustu. Viðburðurinn, happdrætti og stóðhestavelta skila nokkrum hagnaði og er mikilvæg tekjuöflun fyrir afreksmálin og HM2025.

3. Íþróttabing

Fulltrúar LH eru Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Linda Björk Gunnlaugsdóttir og Berglind Karlsdóttir, varafulltrúar Ragnhildur Gísladóttir og Unnur Rún Sigurpálsdóttir. Þórdís Anna Gylfadóttir, félagi í Spretti er í framboði til framkvæmdastjórnar ÍSÍ, en 7 aðilar eru í framboði um fimm laus sæti.

Lárus Blöndal forseti ÍSÍ gefur ekki kost á sér áfram til foseta. Fimm einstaklingar eru í framboði til forseta.

4. Stefnumótun LH 2025

Stefnumótunarfundur var haldinn þann 28. apríl, um 80 manns sóttu fundinn ýmist á staðnum eða á fjarfundi. Verið er að vinna úr niðurstöðum.

5. Heimsókn til IPZV

IPZV hefur boðið formanni LH og starfsmönnum/öðrum stjórnarmönnum, að heimsækja Þýskaland, hitta stjórn og starfsfólk og styrkja tengsl á milli LH og IPZV. Framkvæmdastjóri IPZV stingur upp á að heimsækja stórmótið Kronshof Special 2025 sem haldið er 6. til 9. júní nk.

Kostnaður LH við ferðina væri flug og hótél fyrir 3-4 aðila.

Afgreiðsla: Ákveðið að fresta heimsókn og taka til skoðunar í haust.

6. Sameining Háskóla Ísland og Háskólans á Hólum

Sameining háskólanna stendur til um næstu áramót. Formanni falið að að heyra í rektor Háskólans á Hólum um stöðuna og óska eftir fundi með ráðherra.

7. Önnur mál

a. Forseti FEIF heimsækir Ísland Íslands 11.-15. maí og mun funda með ýmsum hagsmunaaðilum innan greinarinnar.



- b. Miðbæjarreið aflýst þar sem Reykjavíkurborg vill ekki bera kostnað af viðburðinum.
Kostnaður sem LH þyrfti að bera er um 500.000 kr.

Fundi slitiði kl. 21.21.